



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 137/466  
komudagur 29.6.2009

Nefndasvið Alþingis  
bt. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2009  
Tilv.: 0906029

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð o.fl.**

Samkeppniseftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 23. júní sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp á þskj. 143, 114. mál. Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 1. mgr. 6. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, þess efnis að vald til þess að ákveða starfskjör forstjóra verði fært úr höndum stjórnar Samkeppniseftirlitsins til kjararáðs. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að meginmarkmið frumvarpsins sé að laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum raunveruleika til þess að mæta stórfelldum tekjusamdrætti vegna efnahagskreppunnar.

Af þessu tilefni vill stjórn Samkeppniseftirlitsins taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt núgildandi samkeppnislögum er hlutverk stjórnar að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins. Ræður hún forstjóra og ákveður starfskjör hans. Þessari skipan í stjórnarsýslu stofnunarinnar er ætlað að tryggja stofnuninni sjálfstæði gagnvart atvinnulífinu og öðrum stjórnvöldum. Þetta er sérstaklega mikilvægt því Samkeppniseftirlitinu er ætlað að beita sér fyrir markmiðum samkeppnislaga, annars vegar gagnvart fyrirtækjum á markaði og hins vegar gagnvart löggjafanum, ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum. Þetta gerir hún með stjórnvaldssektum, fyrirmælum og öðrum aðgerðum.

Í framangreindu felst að stjórn Samkeppniseftirlitsins er fallin sú ábyrgð að tryggja að markmiðum og efnisákvæðum samkeppnislaga sé fylgt eftir á sem skilvirkastan hátt og að sem mestur árangur verði af starfi stofnunarinnar.

Árangursríkt starf Samkeppniseftirlitsins veltur á því að það hafi á hverjum tíma yfir að ráða eins hæfu og reyndu starfsfólki og vöð er á. Að þessu hefur stjórn Samkeppniseftirlitsins unnið með því að búa stofnuninni trausta umgjörð. Starfskjör forstjóra og starfsmanna eru hluti af þeirri umgjörð.



Stjórn Samkeppniseftirlitsins hefur af því áhyggjur að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu muni skerða möguleika hennar til að standa vörð um sjálfstæði stofnunarinnar, einkum gagnvart atvinnulífinu. Með því er m.a. átt við að stjórnin geti ekki með fullnægjandi hætti brugðist við ásókn fyrirtækja, lögmannsstofa og annarra aðila á markaði í starfsmenn sem mikilvægir eru starfi Samkeppniseftirlitsins, sérstaklega þegar betur árar að nýju í þjóðfélaginu. Reynslan sýnir að starfsreynsla úr Samkeppniseftirlitinu er eftirsótt í atvinnulífinu og nálægðin við atvinnulífið er mikil vegna eðlis verkefnanna. Á þetta ekki síður við um Samkeppniseftirlitið en aðrar stofnanir sem hafa eftirlit með atvinnulífinu. Hafa ber einnig í huga að þó frumvarpið kveði einungis á um skipan starfskjara forstjóra, varðar frumvarpið óbeint öll starfskjör í stofnuninni.

Að þessu sögðu vill stjórn Samkeppniseftirlitsins taka skýrt fram að hún ber jafnframt ábyrgð á því að launakjör og önnur starfskjör í stofnuninni taki mið af aðstæðum hverju sinni þannig að þeir fjármunir sem stofnunin hefur til starfsemi sinnar nýtist sem best. Nefna má að stjórnin hefur brugðist við í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda og samið við forstjóra um lækkun launa á þeim forsendum sem þegar hafa komið fram í ákvörðunum kjararáðs. Vænta má þess að stefnumörkun stjórnvalda og kjararáðs verði fylgt áfram þótt ekki komi til boðaðra lagabreytinga, að því gefnu að framangreindu sjálfstæði sé ekki stefnt í voða.

Með vísan til framangreinds gerir stjórn Samkeppniseftirlitsins ekki athugasemdir við almenn markmið frumvarpsins, en styður ekki þá aðferð sem valin er í frumvarpinu til að ná þeim markmiðum. Heppilegra væri að löggjafinn mælti fyrir um viðmið og sjónarmið sem stjórninni bæri að fylgja við ákvörðun um starfskjör forstjóra, sé talin til þess ástæða. Verði það engu að síður niðurstaða löggjafans að gera þessar breytingar á samkeppnislögunum er afar mikilvægt að í nefndaráliti komi skýrt fram að kjararáði beri í ákvörðun um starfskjör að stuðla að sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart atvinnulífinu.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið  
f.h. stjórnar,

  
Jóhann R. Benediktsson